



Æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Hrings

Ársskýrsla 2009


Bingó

Starfsárið hjá okkur í æskulýsnefnd Hrings hófst með því að halda flott bingó í félagsaðstöðunni okkar í Hringsholti.

Mættu á milli 30 og 40 manns, þ.e börn og foreldrar. Margir góðir vinningar voru í boði og svo vöflukaffi á eftir og spjall. Var þetta hin besta byrjun á vetrarstarfinu.

Ábreiðugerð og borið á reiðtygin

Þann 10.janúar hóuðum við svo krökkum og foreldrum saman og sauðmuðum ábreiður á hestana okkar. Það mættu 19 börn í ábreiðugerðina og svo foreldrar með og skiptum við hópnum í tvennt, meðan annar hópurinn saumaði bar hinn hópurinn á reiðtygin sín sem er að sjálfsgöðu nauðsynlegt fyrir veturinn. Fengum við lánaða saumastofuna á Húsabakka í Svarfaðardal sem er alveg ómetanlegt fyrir svona verkefni. Þetta var frábær dagur og skemmtu sér allir hið besta.



Reiðkennsla veturinn 2009

Í Febrúar byrjaði svo reiðkennsla fyrir börnin í Hring. Kennnt var aðra hverja helgi í allan vetur og skipt í 3 hópa. Alls voru það 19 börn sem tóku þátt í kennslunni í vetur og hafa aldei verið jafn mörg börn í kennslu hjá okkur áður. Þetta nýja skipulag kennslunnar mæltist vel fyrir og var ákveðið að kenna með svipuðu sniði á næsta ári og jafnvel að bæta við hópum fyrir yngstu börnin líka. Kennari í vetur var Guðrún Rut Hreiðarsdóttir og verður hún áfram kennari fyrir næsta vetur, hún er útskrifaður hestafræðingur, leiðbeinandi og tamningamaður frá Háskólanum á Hólum.

Æskan og hesturinn á Akureyri

Þegar nálgandið var ákveðið að fara með hópinn á Æskan og hesturinn á Akureyri. Atriðið okkar var æft í rúman mánuð og var það frábær tími. Ákveðið var að sauma búninga á krakkana og tóku foreldrar og kennari sig saman og skiptu milli sín verkum að versla inn. Aftur fengum við lánaða saumastofuna á Húsabakka í Svarfaðardal og kom allur hópurinn saman, börn og foreldrar, til að sauma búninga. Þetta gekk allt vel og voru allir komnir í flotta búninga, börn og hestar fyrir Æskan og hesturinn. Hestarnir tóku búningunum vel þannig að skarinn gat farið áhyggjulaus á þessa mögnuðu sýningu.

Æskan og hesturinn á Akureyri var frábær skemmtun fyrir okkur og tókst öllum vel til. Allri stóðu saman foreldrar og börn og gekk allt upp. Það verður örugglega farið aftur á næsta ári en þá verður sýningin haldin á Sauðárkróki.



Þegar við komum heim eftir sýninguna gengu allir frá hestunum sínum í hús og gáfu þeim gott að borða. Og fórum við sjálf í mikla pizzaveislu sem æskulýðsnefnd bauð uppá eftir frábæran dag. Það fóru allir sáttir heim um kvöldið, glaðir og saddir.



Kennslan hélt síðan áfram hjá okkur eftir sýninguna og var krökkunum kennd fyrstu þrepin í hindrunarstökki og gekk það ótrúlega vel. Allavega leiddist engum. Einnig var haldið utan um það sem búið var að læra yfir veturinn og voru framfarirnar ótrúlegar hjá krökkunum.

17.júní 2009

Þann 17. Júní var sýning haldin á vegum Hestamannafélagsins og tóku krakkarnir þátt í henni. Var sett upp þrautabraut úti og hindranir sem krakkarnir notuðu í sýningunni og svo endurtóku þau atriðið

sitt frá því á Æskan og hesturinn fyrir áhorfendur. Stóðu þau sig frábærlega enn og aftur og höfðu allir gaman af.

Fjölskyldureiðtúr í Svarfaðardal

Til að ljúka svo vetrinum var farið í fjölskyldureiðtúr fram í Svarfaðardal og mættu all flestir í þá skemmtireið. Hittust allir í Holti á eftir og drukku kaffi saman og borðuðu vöfflur. Þessi vetur var alveg frábær og vonandi verðu næsti vetur bara betri.

Sumarið 2009

Sumarið var frekar rólegt hjá okkur en það voru haldin nokkur mót og þar á meðal Miðnæturmót Hring. Á mótinu tóku þátt 9 börn og stóðu þau sig öll mjög vel. Var það Aníta Lind Björnsdóttir sem hafnaði í 1.sæti, Eydís Arna Hilmarsdóttir í 2.sæti, Þorri Mar Þórisson í 3.sæti og Nökkvi Þeyr Þórisson í 4.sæti.



Sveinbjörn Hjörleifsson sá um að halda tvö reiðnámskeið í sumar fyrir Hestamannafélagið Hring. Var vel látið af námskeiðunum að vanda og var mikið fjör og gaman hjá krökkunum sem sóttu þessi námskeið.

Einnig sá Sveinbjörn um að halda námskeið fyrir börn, út sumarið á sínum eigin vegum með sama sniði og námskeiðin sem hann hélt fyrir hestamannafélagið.

Unglingadeildin

Ekki má svo gleyma unglinum okkar í Hring, en það var Anna Kristín Friðriksdóttir með hestinn sinn Glað frá Grund sem gerði það heldur betur gott í sumar. Hún fór á unglingslandsmót UMFÍ og vann þar tvöfalt, bæði tölt og fjórgang.

Hún keppti síðan í fullorðinsflokki á Landsmóti UMFÍ á Akureyri og hafnaði það í 8.sæti í tölti. Frábær árangur það.

Einnig fór hún á Fákaflog 2009 og var þar í 2. sæti í fjórgang.

Hún fór og keppti á Einarstaðamótinu og lenti í 1.sæti í unglingsflokki og í 8.sæti í tölti opnum flokki.

Einnig keppti hún á Stórmóti Funa á Melgerðismelum og varð þar í 1.sæti í unglingsflokki.

Hún keppti á Goðamótinu 2009 og hreppti þar 1.sæti í tölti í unglingsflokki og svo keppti hún á Æskulýðsmóti Léttis og varð þar einnig í 1.sæti í tölti í unglingsflokki.

Hún tók þátt í Miðnæturmóti Hrings eins og börnin gerðu og vann þar einnig tvöfaldan sigur, vann þar bæði tölt og fjórgang. Frábær árangur hjá þessari ungu og dugmiklu hestakonu.

Hún fékk Hvatningarverðlaun Æskulýsnefndar Hrings fyrir frábæran árangur í reiðmennsku og fyrir framfarir og dugnað í öllu sem viðkemur hestum og hestamennsku.



Til hamingju Anna Kristín.

Knapamerkin

Unglinarnir okkar sóttu einnig námskeið í knapamerkjunum, það voru þær Anna Kristín, Þórhildur Sara og Elín María. Útskrifuðust þær allar með flotta einkunn úr bæði bóklegu og verklegu prófi í vor. Framhald verður á kennslu knapamerkjanna næsta vetur og bætast örugglega einhverjir unglingar í hópinn. Kennari var Arndís Björk Brynjólfsdóttir.

Þá er þetta nú að verða upptalið hjá okkur í Hring og verður nú örugglega ekki minna að gera hjá okkur næsta vetur og sumar.

Kveðja frá æskulýðsfulltrúa Hrings, Guðrún Rut Hreiðardóttir.